



Hafnarborg

1. júní – 25. ágúst
June 1st – August 25th
2019

Tímahvörf *In Transition*

Sýn átta samtímaljósmyndara á Hafnarfjörð
Hafnarfjörður as Seen by Eight Contemporary Photographers

Daniel Reuter
Marino Thorlacius
Pamela Perez
Pétur Thomsen
Spessi
Staś Zawada
Stuart Richardson
Svala Ragnars

Sýningarstjóri *Curator*
Kirsten Simonsen

Inngangur

Hafnarfjörður hefur lengi verið viðfangsefni listamanna en samspil bæjarins við hraunið, hafið og landslagið hefur heillað listmálara og ljósmyndara allt frá því á 19. öld. Í safneign Hafnarborgar er að finna fjölmargar myndir af bænum, myndir sem sýna rómantískan smábæ sem kúrir við höfnina. Flestar þessara mynda eru frá því um miðja síðustu öld og prýðir úrval þeirra veggj Apóteksins á jarðhæð safnsins.

Það er hlutverk Hafnarborgar að skoða bæinn, mannlífið og þróun byggðarinnar út frá skapandi sjónarhorni. Síðan ég tók við starfi hér sem forstöðumaður hef ég því fylgst með listamönnum sem fást við Hafnarfjörð í verkum sínum og þá sérstaklega þeim sem stunda list sína með myndavélina að vopni, þar sem ég skynjaði að þar var eitthvað sérstakt í gangi.

Spessi og Pétur Thomsen, sem eru meðal okkar fremstu ljósmyndara, höfðu báðir unnið myndaseríur í Hafnarfirði. Í gegnum þátttöku í ljósmyndarýni á Ljósmyndahátíð Íslands rakst ég á fleiri sem fundið höfðu spennandi viðfangsefni hér í bænum. Marino Thorlacius og Pamela Perez kynntu verk sem varpa annars vegar ögrandi og hins vegar persónulegu ljósi á bæinn og umhverfi hans. Staś Zawada lagði leið sína í Hafnarborg fyrir nokkrum misserum og kynnti ljósmyndabók sína um heimabæ sinn, Hafnarfjörð, þar sem bakgarðar bæjarins eru í forgrunni. Og smám saman kviknaði sú hugmynd að hægt væri að gera sýningu á nýlegum ljósmyndum af bænum þar sem við fengjum að sjá hvernig hann blasir við bæði heimamönnum og gestum.

Danski sýningarstjórinn Kirsten Simonsen var fengin til þess að fylgja þessari hugmynd til enda. Hún skoðaði ýmsa möguleika en valdi á endanum þau Daniel Reuter, Stuart Richardson og Svölu Ragnars, til viðbótar við þá sem þegar hafa verið nefndir, en sjónarhorn þeirra eru afar ólík og sýna okkur að bærinn býr yfir töfrum hvort sem er í froststilltu landslagi, tilbúinni birtu raflýsingarinnar eða í þeim handanheimum sem aðeins næmt auga og skynjun nemur.

Það er einstaklega ánægjulegt að sjá þessa sýningu verða að veruleika, sjá fjölbreyttar myndir bæjarins birtast og geta borið sýnina í gegnum ljósop samtímans saman við pensilstrokur fortíðar. Listamenn endurspegla með einhverjum hætti sinn samtíma og hér fáum við að sjá nýja sýn á Hafnarfjörð – sýn 21. aldarinnar.

Ágústa Kristófersdóttir,
forstöðumaður

Introduction

Hafnarfjörður has long been the subject of artists, as the interaction of the town with the lava, the sea and the landscape has fascinated painters and photographers alike ever since the 19th century. In the Hafnarborg Collection, there are numerous pictures of the town, paintings that show the romantic small town nestling by the harbour. Most of these are from the middle of the last century and a selection of them adorns the walls of the Old Pharmacy, a gallery space on the ground floor of the museum.

It is the role of Hafnarborg to explore the town, the urban life and the development of the community from a creative perspective. During my tenure as director, I have followed artists who seek their inspiration in Hafnarfjörður, especially those who engage with their art through the lens, and I felt that there was something special going on.

Spessi and Pétur Thomsen, who are among our top photographers, both had produced photo series on Hafnarfjörður. Through participation in a portfolio review at the Icelandic Photo Festival, I also came across photographers who had found exciting subjects here in town. Marino Thorlacius and Pamela Perez presented works that cast a provocative and personal light on the town and its surroundings. Staś Zawada made his way to Hafnarborg a little while ago and introduced his photo book about his adoptive hometown, Hafnarfjörður, where the backyards of the town are in the foreground. And gradually it became clear that it would be possible to put together an exhibition of contemporary photographs of the town, examining the viewpoint of both locals and visitors.

Danish curator Kirsten Simonsen was asked to follow this idea through to the end. She looked at various candidates, but eventually chose Daniel Reuter, Stuart Richardson and Svala Ragnars, in addition to those who have already been mentioned, for participation. Even if they differ in their approach, they unveil the magical features of Hafnarfjörður, in hard frozen terrain, in the artificial brightness of the electric lights, or in the hidden worlds, which are only visible to certain eyes.

It is a pleasure to see this exhibition become a reality, to see the diverse images of the town and compare the contemporary view through the aperture with the brushstrokes of the past. Artists in some way reflect their time and here we get to see a new reflection of Hafnarfjörður – the reflection of the 21st century.

**Ágústa Kristófersdóttir,
director**

Tímahvörf

Sýn átta samtímaljósmyndara á Hafnarfjörð

Kirsten Simonsen

“Líkast til þyrfti maður að vera fútúristi til að skilja þennan skrítna, lifandi bæ. Það mikilvægasta hér er ekki það sem er heldur það sem koma skal, finnst manni. Nýskrifuð, áreiðanleg lýsing á því sem ber fyrir augu verður úrelt um leið og hún verður til. Bærinn breytist svo hratt að hann er sífellt á undan sjálfum sér.”¹

Þessi lýsing danska rithöfundarins Martins A. Hansen frá 1952 myndar viðeigandi ramma um ljósmyndirnar sem við sjáum hér á þessari sýningu. En þótt Martin væri í raun að lýsa Reykjavík þess tíma, tók hann fram í sama texta að Hafnarfjörður væri „að stækka á nánast sama hraða“ og lifandi lýsing hans á „stöðugt stækkandi borginni, þar sem nýjar byggingar dreifa hratt úr sér yfir bera móa“ á einnig vel við Hafnarfjörð eins og við þekkjum hann í dag.

Margir listamenn komu til greina fyrir þessa sýningu. Fyrir valinu urðu Daniel Reuter, Marino Thorlacius, Pamela Perez, Pétur Thomsen, Spessi, Stað Zawada, Stuart Richardson og Svala Ragnars, sem öll hafa tekið sér fyrir hendur ljósmyndaverkefni í og í kringum Hafnarfjörð á tímabilinu 2006 til 2019. Þegar verkunum hefur verið stillt saman varpa þau ljósi á Hafnarfjörð á tímahvörfum og veita okkur sýn á nýjan, margslunginn bæ í mótun – okkar náttúrulega umhverfi á árinu 2019.

Þrátt fyrir að leiða saman listræna sýn átta ólíkra listamanna, er markmið sýningarinnar að verk hvers og eins ljósmyndara fái að njóta sín á eigin forsendum, þar sem við reikum um götur Hafnarfjarðar með barnavagn, sjáum heilu hverfin taka á sig mynd á útjaðri bæjarins, beinum sjónum okkar að nýju manngerðu landslagi, sem er í mótun allt í kring, heim-sækjum iðnaðarhverfi sem þarfnast sárlega

umbóta, leitum óspilltrar fegurðar og einstæðra augnablika, sem falla oft í skuggann, og erum minnt á samfélag huldufólksins, sem leynist samhliða okkar eigin og á það enn þann dag í dag til að setja byggingaráætlanir úr skorðum.

Að skrásetja vatnaskil

Árið 2006 fékk sýningarstjórinn Jón Proppé Spessa, einn þekktasta ljósmyndara landsins, til að vinna sérú af nýjum verkum fyrir sýninguna *Hin blíðu hraun* í Hafnarborg. Spessi var eini listamaðurinn á sýningunni sem tókst beint á við hinn ört stækkandi bæ og skoðaði þær gríðarlegu framkvæmdir sem áttu sér stað í Hafnarfirði á þessum tíma. Hvert sem litið var spruttu heilu úthverfin upp á ógnarhraða.

Spessi tók ljósmyndir í Hellnahrauni og sýndi byggingarsvæðin éta sig inn í landslagið, malbikið eyða og gleypa meira og meira af hrauninu.

Með byggingu Vallahverfisins, sem Spessi myndaði sem hluta af sérúnni, hélt steinsteipt úthverfalandslagið enn innreið sína í Hafnarfjörð og bætti einu laginu til viðbótar við þennan huggulega hafnarbæ.

Lengra og lengra upp á heiði

Rask og umbreyting mannsins á náttúrunni hefur verið rauður þráður í verkum Péturs Thomsen allan feril hans. Pétur er einn af helstu ljósmyndurum landsins í dag en árið 2008, þegar Þjóðminjasafn Íslands auglýsti eftir ljósmyndaverkefni til að varpa ljósi á samtímann á Íslandi, var hann efnilegur listamaður. Verkefni Péturs, *Ásfall*, var valið.

Pétur byggir á fyrri verkum hér, sérúnnunum *Að flutt landslag* og *Umhverfing*, en hann lagði upp með að ljósmynda byggingu Áslands – íbúða-

hverfis sem reis í Hafnarfirði á þessum tíma – að þessu sinni í hlíðum Ásfjalls, steinsnar frá friðlandi.

Upphaflega einbeitti hann sér að nýju hverfunum og áhrifum byggingasvæða á landslagið en Pétur hafði unnið að verkefninu í sex mánuði þegar efnahagshrunið varð. Það sem gerðist í kjölfarið hafði gríðarleg áhrif á verkefnið. Hætt var við hverja framkvæmdina á fætur annarri og fjöldi húsgrunna stóð óhreyfður til lengri tíma bæði í Áslandi og öðrum hálfkláruðum úthverfum á höfuðborgarsvæðinu. Ókláruðu húsín sem við sjáum í ljósmyndum Péturs, mannlaus og frosin í tíma, urðu að táknmyndum fyrir hrunið sem hægði á uppbyggingu og olli stöðnun í íslensku samfélagi – um tíma.

Þegar Áslandshverfið var enn á teikniborðinu var það nándin við náttúruna, fjallasýnin og tækifærin til útivistar – kosturinn sem fylgir því að hafa fólkvang í bakgarðinum – sem átti að höfða til tilvonandi íbúa. Þegar komið er í hverfið í dag er „nánd við náttúruna“ kannski ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann, enda hefur íbúðahverfið gleypst svæðið. En kannski nær náttúran, með tíð og tíma, að endurheimta að minnsta kosti eitthvað af landinu, þegar hún byrjar að jafna sig á ágangi hins stækkandi bæjar.

Fyrstu merki um dreifingu byggðar

Náttúra, framkvæmdir og ágangur mannsins er einnig í forgrunni í verkum Stuarts Richards. Stuart er frá Bandaríkjunum en hefur búið í Reykjavík síðan 2007 og hefur íslenskan ríkisborgararétt. Í nýju vídeóverki sem hann gerði fyrir þessa sýningu lítur Stuart aftur til ljósmyndaseríunnar *Natríum sól*, þar sem hann skoðar götuljósín, sem eru alls staðar, og áhrif þeirra á íslenskt landslag:

„Dimmur íslenskur vetur kallar fram mynd af snævipökku landi, lýstu upp af tungsljósi og norðurljósum, en í raun upplifa flestir Íslendingar veturinn í stöðugri birtu götuljósá. ... Þau gera útlínur landslagsins óskýrar og aðeins sést í björtustu stjörnurnar á himninum. Þegar staðið er í ljóshafinu miðju er nær ómögulegt að sjá út fyrir það – eyðilegt landslagið hverfur inn í innilokaðar ljóseyjarnar.

En þó svo götuljósín taki fyrir útsýni til náttúrulegs umhverfis, þá er viss fegurð fólgin í þessum geómetrísku formum gervisólanna sem við höfum skapað í því augnamiði að færa okkur ljósið aftur.“²

Eins og Stuart bendir á í kynningu sinni að *Natríum sól* eru götuljós oft fyrstu merki um dreifingu byggðar á Íslandi, þar sem þau birtast í landslaginu löngu áður en nokkrar byggingar rísa. Þessi dreifing er mjög einkennandi fyrir höfuðborgarsvæðið. Borgin dreifir úr sér og þekur núna svæði sem miðað við aðrar borgir í heiminum ætti að hýsa um eina milljón manns frekar en þá 228.260 (2018) íbúa sem búa þar nú.

Þegar Stuart byrjaði að vinna að *Natríum sól* árið 2011 var landið það sem hann lítur nú á sem „annað Ísland.“ Ferðamannasprengingin átti eftir að hefjast almennilega, margar af götunum sem nú þola mikla umferð voru á þessum tíma auðar og Stuart segir að það hafi vakið athygli hans að svo gríðarlegir innviðir skuli þjóna svo fáum. Götuljósín voru alls staðar en enginn virtist vera að nota þau:

„Þau stóðu bara þarna og ljómuðu fyrir grjótið, mosann og malbikið. Þetta var þveröfugt við það sem ég er vanur frá Bandaríkjunum, þar sem götuljós er helst að finna í bæjum, auk þess sem þau eru yfirleitt dimmari og færri. Meira að segja New York, borgin sem aldrei sefur, er ekki eins vel lýst og Hafnarfjörður. Það búa um 30.000 manns í Hafnarfirði en 9 milljónir í New York sjálfri.“³

Í nýja vídeóverkinu snýr Stuart aftur á sömu slóðir, að götuljósunum sem hann ljósmyndaði í Hafnarfirði fyrir mörgum árum síðan, til að kanna hversu mikið af kyrrð upphaflega myndefnisins væri enn til staðar – án þess að beina sjónum sínum einungis að breytingunum sem hafa átt sér stað síðan, heldur einnig að því sem hefur fengið að vera óbreytt.

Götuljósinn standa þarna ein í dag, sömu ljós og við sjáum í ljósmyndaverkinu *17a*, sem var komið fyrir í Hafnarfirði fyrir hrun 2008. Þegar við horfum á þau núna, meira en tíu árum síðar, getum við enn lítið annað gert en að velta því fyrir okkur fyrir hvern þau séu þarna.

Eins og *Humans of New York* nema í Hafnarfirði og án mannfólks⁴

Árið 2008 flutti Staś Zawada til Hafnarfjarðar frá Póllandi og gerði bæinn að heimili sínu. Á hverjum degi fór hann út að ganga með nýfæddan son sinn í kerru og kynntist nýja heima-bænum ítarlega með því að ljósmynda hann á þessum löngu göngutúrum. Afraksturinn er séría af myndum sem veita sjaldséða en glettna sýn á lítinn bæ og þá sem búa þar.

Serían *HFI* kom út í samnefndri bók árið 2015 en hún sýnir hversdagslífið í þriðja stærsta bæ Íslands, þótt ljósmyndir Staś séu með öllu

mannlausar. Frá litlum bárujárnshúsum til nafnlausra steinsteypukumbalda, nútímalegra fjölbýlishúsa með pínulitlum golfvöllum og annars konar húsnæðisúrræða, eins og innréttaðra bílskúra, sjáum við hvar Hafnfirðingar búa, körfuboltakörfurnar þeirra, gervihnattadiskana, sem oft er komið fyrir á undarlegum stöðum, og bílana sem lagt er fyrir framan húsin. Alltaf.

„Ég veit ekki hvort það er út af veðrinu eða borgarskipulaginu en fólk á Íslandi gengur ekki mikið, við þekkjum hverfin okkar aðeins út um bílrúðurnar.“⁵

Þar sem Staś var alinn upp í Póllandi, þar sem bílar voru ekki eðlilegur hluti af heimilishaldinu í uppvexti hans, vakti þessi bílamenning sérstakan áhuga hans. Þessi áhugi kemur augljóslega fram í verkefninu, þar sem skærgulir bílar, dekkjalausir bílar, bílar undir ábreiðum, haugar af ónýtum bílum og fjöldi yfirgefna bíla, sem Staś fann um allan Hafnarfjörð, eiga mikinn þátt í því að gera hinum nýja heimabæ hans, sem er honum hjartfólginn, skil.

Stemning og staðarandi

Bandaríski ljósmyndarinn Pamela Perez ákvað líka að setjast að í Hafnarfirði með fjölskyldu sinni og bjó í bænum í tíu ár áður en hún sneri aftur til New York. Líkt og Staś, þykir Pamelu mjög vænt um Hafnarfjörð og verk hennar bera sömuleiðis vott um ferðir hennar um bæinn. En meðan Staś bókstaflega *sýnir* okkur bæinn, sjáum við hann varla í verkum Pamelu.

Í ljóðrænni séríu sinni, *Like Home*, skoðar hún samspil okkar við náttúru- og borgarumhverfið. Hún leggur áherslu á staði sem eru úr leið og leitast við að fanga fegurðina í hinu smáa og augnablikunum sem fólk tekur oft ekki eftir í amstri dagsins.

Pamela lýsir sérífunni sinni sem „óð til bæjarins“ og fjallar einnig um þörfina á varðveislu. Verk hennar miðla bæði hennar eigin persónulegu hrifningu yfir því að allir þessir ótrúlegu staðir séu enn til í Hafnarfirði – ef við bara gefum þeim gaum – og sterkri ósk hennar um að varðveita náttúruleg einkenni bæjarins, *stemninguna* eða andann sem þau ljá honum og gera hann að heimabæ.

Þegar litið er til verka Pamelu Perez og Stað Zawada og sameiginlegrar ástar þeirra á bænum, þrátt fyrir ólíka nálgun til að tjá hana, er áhugavert að viðbrögð heimamanna eru oft á þessa leið, þegar þeir sjá ljósmyndir Stað: „Hvers vegna ertu að sýna þetta? Þú ættir að einbeita þér að því sem er fallet!“ Og svo eru viðbrögðin við myndum Pamelu: „Er þetta í alvöru Hafnarfjörður?“

Á frosnu vatni í Hafnarfirði

Daniel Reuter fæddist í Þýskalandi, ólst upp í Lúxemborg og býr nú í Reykjavík. Fyrsta bók hans, *History of the Visit* (2013), var tilnefnd til Paris Photo–Aperture Foundation First Photobook verðlaunanna árið 2013 og svo Þýsku Photobook verðlaunanna árið 2015.

Daniel hóf að vinna að verkefninu *History of the Visit* veturinn 2012 stuttu eftir að hann flutti til Íslands. Hann hélt út í sveit á hverjum degi til að taka ljósmyndir, leitaði uppi kyrrð og einsemd til að endurspegla aðstæður sínar á þeim tíma. Ljósmyndaserían sem varð til varð mun sjálfshugull en hann hafði í fyrstu gert ráð fyrir, landslagið er tekið úr samhengi og vísar ekki beint til neins ákveðins landfræðilegs staðar, heldur tjá verkin frekar innra, persónulegt svæði.

„Þessar ljósmyndir taka aðeins lauslega á því sem þær standa fyrir. Það er grjót á myndunum, tré og einhverjar byggingar, en þetta er ekki saga af grjóti, trjám og byggingum. Það er í raun ekki einu sinni alveg ljóst hver sagan er, á sama tíma og það er augljóslega saga þarna. ... Ljósmyndir Daniels leita beint inn í miðtaugakerfið. Þær miðla tilfinningu frekar en upplýsingum. Þær miðla stemningu, óánægju, glundroða. Þær verjast lýsandi nálgun á þær. Áhorfandinn verður að skynja þær frekar en að virða þær fyrir sér.“⁶

Verk Daniels á sýningunni hverfast um ljósmynd sem hann tók sem hluta af *History of the Visit*. Þegar verkum Daniels er stillt upp með öðrum verkum á sýningunni mynda þær mikla andstöðu við bæjarmyndir Stað, byggingarframkvæmdirnar á myndum Spessa og Péturs og nýtt manngert landslag Marinos. Þess í stað sjáum við hér grjót í klakaböndum ofan í frosnu vatni og hrífandi svarthvít verk Daniels kalla kannski á annars konar sjálfsskoðun í þessu samhengi.

Að lifa með hliðarsamfélagi

Flestir Íslendingar gangast ekki opinberlega við því að trú á álfa í dag. Kannanir hafa hins vegar leitt í ljós að þeir vilja helst hvorki staðfesta né neita tilvist þeirra. Álfasögur og -trú hafa enn áhrif á samtímann á Íslandi, ekki síst í Hafnarfirði, þar sem álfabyggð er enn hluti af bæjarlandslaginu.

Svala Ragnars býr í Bretlandi en ólst upp í Hafnarfirði. Hún var alltaf meðvituð um tilvist álagabletta og staða sem ekki mátti raska vegna álfa. Þegar hún uppgötvaði að þessir staðir og sögurnar í kringum þá höfðu aldrei verið almennilega skrásettir fékk hún æskuvinkonu

sína, þjóðfræðinginn og rithöfundinn Bryndísi Björgvinsdóttur, í lið með sér. Saman tóku þær að sér að skrá staði um allt Ísland, „þar sem álfatrú hefur breytt því hvernig við högum lífinu í samtímanum,“⁷ með því að hafa bein áhrif á það hvar og hvernig við byggjum. Þær gáfu í kjölfarið út bókina *Krossgötur – álfatrú, álfa-byggðir og bannhelgi á Íslandi* árið 2018.

Svala segir að markmiðið með *Krossgötum* hafi alltaf verið að nálgast viðfangsefnið sem heimildavinnu, ekki að reyna að miðla einhverju annarsheims eða ímynduðu. Þess í stað einbeittu þær sér að sjálfum sögunum og stöðunum en ljósmyndir Svölu eftirláta áhorfandanum að „ímynda sér til hvaða huldufólks kunni að hafa sést þarna.“⁸ En *Krossgötum* er ekki aðeins ætlað að vera heimild eða sýnileg sönnun álfa-sagna, heldur einnig „áminning um birtingar-myndir náttúrunnar í íslenskum samtíma“:

„Sögur af andófi álfa bera vott um yfirnáttúruleg viðurlög við byggingarframkvæmdum og jafnvel borgarvæðingu. Þær vernda og viðhalda gömlum hefðum og gildum sveitalífs og sveitasælu. ... Álfum er jafnan lýst sem fallegum verum, líkum mönnum, með mjög nægjusama lifnaðarhætti, ekki ólíkt Íslendingum fyrir tveimur eða þremur öldum síðan. Þessi hugmynd, sveipuð fortíðarþrá, sem er uppi um náttúru-miðað samfélag álfa sýnir viðhorf okkar gagnvart nútímalifnaðarhátum okkar eða lætur í ljós okkar eigin áhyggjur af því hversu ósjálfbær við erum nú orðið. ... Þessar þjóðsögur fjalla þess vegna ekki aðeins um álfa eða „hina“, heldur um mennina eða „okkur“ og það hvernig við lifum eða hátum sambúð okkar, við og í námunda við náttúruna.“⁹

Þegar okkur tekst, endrum og sinnum, að koma í veg fyrir að vinnuvélarnar brjóti niður hraunið er það, að minnsta kosti á yfirborðinu, í því skyni að vernda álfabyggðir og hagsmuni huldufólksins frekar en mennskra íbúa – en kannski eru þetta einfaldlega síðustu úrræði fólksins, sterkustu rökin þegar það biðlar til yfirvalda um að skilja eftir skika af ósnortinni náttúru innan bæjarmarkanna.

Fegurð á ólíklegum stöðum

Milli 2010–2018 stóð Marino Thorlacius sig að því að leita ítrekað út á útjaðar Hafnarfjarðar, þar sem hann tók myndir meðfram Krísuvíkurvegi og í Helluhverfi, einmitt þar sem bærinn rennur saman við hraunið. Hann hafði áhuga á þessu nýja landslagi sem hefur verið að myndast þar án nokkurrar fyrirsjáonar, þar sem bærinn og íbúar hans skilja eftir sig æ greinilegri ummerki. Eða eins og Marino orðar það: „Speglun mannsins í landslaginu.“¹⁰

Verk hans skoða hvernig við sköpum sífellt nýtt landslag allt í kringum okkur og velta upp þeirri spurningu hvort við séum í rauninni að byggja eitthvað upp, laga eitthvað eða frekar að rífa eitthvað niður. Eins og Marino segir: „Það er orðið ómögulegt fyrir skynsamlega þenkjandi fólk að átta sig á hvað er verið að byggja, hvað er verið að eyðileggja, hvað er nauðsynlegt og hverju er óskað eftir.“

Verk Marinos eru bæði óþægileg og ómótstæðilega falleg á sama tíma. Í rauninni má halda því fram að það sé frekar hið síðara. En erum við ánægð með þetta nýja landslag? Eða erum við ef til vill orðin vísvitandi blind gagnvart margbrotnu eðli þeirra?

Marino hefur einstakt lag á því að finna fegurð á ólíklegustu stöðum og þess vegna var hann



fenginn af KRADS arkitektum til að ljósmynda Hraun-vestur, stórt iðnaðarhverfi í Hafnarfirði sem virkilega þarf að blása nýju lífi í.

Hraun-vestur svipar að mörgu leyti til Skeifunnar í Reykjavík – þjónustusvæðis sem byggt er með bíla í huga, án gangstétta og nánast án gatna, meira eins og risastórt bílaplan, enda er ekki auðvelt að komast leiðar sinnar þarna fótgangandi, eins og gefur að skilja. Hverfið er staðsett mjög nálægt miðbænum, á stað sem maður myndi öllu jafna ekki búast við að sjá iðnaðarhverfi sem þetta, en með tímanum hefur bærinn þjappast í kringum það á sérstakan hátt. Þá hefur fólk nú um nokkurn tíma flust inn á svæðið, eins og myndir Marinos sýna, og tryggt sér lítinn skika, sem kalla má heimili, innan um allt hitt.

Aftur að teikniborðinu

Ný sýn fyrir svæðið er hins vegar í bígerð. Árið 2016 ákvað bæjarráð Hafnarfjarðar að fá fimm arkitektastofur til að leggja fram tillögur að skipulagi fyrir hverfið. Tvær urðu fyrir valinu og nú eru uppi áform til grundvallar nýju skipulagi. Enn og aftur verði heilt hverfi í Hafnarfirði tekið rækilega í gegn – að þessu sinni ekki á útjaðri bæjarins, heldur í sjálfum miðbænum.

Innblásturinn er sóttur til Norðurlanda og arkitektarnir á bak við þessa nýju sýn ætla að skapa hverfi fyrir fólk frekar en bíla – blandað samfélag sem býður upp á fjölbreytt húsnæðisúrræði, verslunarpláss, ýmiss konar almenningssvæði, græna bletti og umhverfi sem hentar bæði fótgangandi og hjólandi vegfarendum. Þessi nýja nálgun endurspeglar stefnuna í borgarskipulagi Reykjavíkur, þar sem áhersla hefur verið lögð á þéttingu byggðar til að lífga við gömul hverfi og draga úr útbreiðslu borgarinnar.

Þegar Martin A. Hansen kom til Hafnarfjarðar árið 1952, lýsti hann bænum á þessa leið:

„Hafnarfjörður er splunkunýr bær. Í mörgum húsanna má enn sjá rákir í veggjunum eftir fjalirnar sem voru notaðar til að styðja við blauta steypuna. En bærinn býr samt yfir hlýju, út af fyrir sig, og fábrotnum sérkennum, eins og um gamlan smábæ sé að ræða. ... Hann lyktaði af salti, karfa og olíu frá höfninni. Vindurinn átti það jafnvel til að bera með sér sætbeiskan þef af stóru skreiðarhjöllunum fyrir ofan bæinn. Það kastaði ekki neinni rýrð á skýrar minningar um ljúfari ilm frá litlum gördum í hrauninu og svalt laufskrúð reynitrjáa í blóma. Þess konar bær býður aðkomumann hjartanlega velkominn.“¹¹

67 árum síðar, eftir þróun bæjar sem hefur stöðugt verið „á undan sjálfum sér“, sýna átta samtímalistamenn okkur hvað þeir sáu þegar þeir ljósmynduðu bæjarumhverfið á árunum 2006 til 2019 – bæ á tímahvörfum, að koma undir sig fótunum, greinilega að stefna eitthvert mjög hratt, þó það kunni að vera óljóst hvert sú leið liggur nákvæmlega. Enn í dag er það mikilvægasta ef til vill ekki það sem er, heldur það sem tíminn mun leiða í ljós.

Tilvísanir

- 1 Martin A. Hansen, 1954, *Rejse paa Island*, Kaupmannahöfn, Carit Andersen, bls. 181.
- 2 Stuart Richardson, 2014, *Natrium sól*, listamaðurinn annaðist útgáfuna, inngangur.
- 3 Stuart Richardson, 2019, um vídeoverkið *Natrium sól* (2019).
- 4 Staś Zawada, sjá: www.facebook.com/howdoyoulikeHFJ.
- 5 Staś Zawada, sjá: www.stan.is/hafnarfjordur.html.
- 6 Jörg Colberg, *Daniel Reuter's History of the Visit*, sjá: cphmag.com/reuters-visit.
- 7 Bryndís Björgvinsdóttir, sjá: www.svalaragnars.com/new-gallery.
- 8 Svala Ragnars, 2019, undirbúningssamtal fyrir sýninguna.
- 9 Bryndís Björgvinsdóttir, sama.
- 10 Marino Thorlacius, 2019, undirbúningssamtal fyrir sýninguna.
- 11 Martin A. Hansen, 1954, *Rejse paa Island*, Kaupmannahöfn, Carit Andersen, bls. 176–177.

In Transition

Hafnarfjörður as Seen by Eight Contemporary Photographers

Kirsten Simonsen

“One probably ought to be a Futurist in order to comprehend this quirky, vibrant town. The most important thing here is not what is but what is to come, one senses. A newly written solid description of what you see becomes obsolete already as it is created. The town’s transformation happens so fast that it is continually ahead of itself.”¹

This description from 1952 by the Danish author Martin A. Hansen provides a fitting framework for the photography we see in this exhibition. While Hansen was in fact describing Reykjavík at the time, he noted in the same text that Hafnarfjörður had “almost the same pace in growth” and his vivid description of a “steadily swelling city, whose new buildings spread rapidly out over barren hillocks” applies well to the Hafnarfjörður we know today.

Many artists were considered for this exhibition. The choice fell on Daniel Reuter, Marino Thorlacius, Pamela Perez, Pétur Thomsen, Spessi, Staś Zawada, Stuart Richardson and Svala Ragnars, who have all carried out photographic projects in and around Hafnarfjörður in the time span of 2006 to 2019. Seen together, their works cast light on a Hafnarfjörður in transition and offer a glimpse of the new, complex town that is emerging – our natural habitat in the year 2019.

Embracing eight very diverse artistic statements, the exhibition allows the individual project of each photographer to unfold, as we wander the streets of Hafnarfjörður with a baby pram, witness entire neighbourhoods take form on the edge of town, see the new man-made landscapes, which are being created all around us, visit a post-industrial district in great need of revitalisation, search for unspoiled beauty and extraordinary moments that tend to go unnoticed and are reminded of Iceland’s parallel community of “huldufólk” (hidden people), who, even today, make life rather complicated at times for planning authorities.

Documenting a Tipping Point

In 2006, Spessi, one of Iceland’s most influential photographers, was commissioned by curator Jón Proppé to create a series of new works for the exhibition Hin blíðu hraun (The Gentle Lava) at Hafnarborg. The only artist in the exhibition who directly addressed the expanding town, in his project, Spessi chose to focus on the immense developments taking place in Hafnarfjörður at the time. Everywhere you turned, new neighbourhoods and entire suburbs were rising in great scale and at an even greater speed.

Photographing in Hellnahraun, Spessi depicts the construction sites as they eat their way into the landscape, the asphalt covering more and more of the lava and destroying it.

With the construction of the Vellir neighbourhood, documented by Spessi as part of his series, concrete suburbia once again made its way into Hafnarfjörður, adding yet another layer to the idyllic harbour town.

Further and Further Into the Heath

The disruption of nature and man’s transformation of nature into environment has been the focus of Pétur Thomsen’s work throughout his artistic career. Today, one of Iceland’s most prominent photographers, he was an emerging artist in 2008, when the National Museum of Iceland decided to commission a comprehensive photographic project that was to shed light on contemporary society in Iceland. Thomsen’s project Ásfjall was selected.

Building on his earlier series Imported Landscape and Umhverfing (Environmentalization), Thomsen set out to photograph the ongoing construction of Ásland – yet another residential area that rose in Hafnarfjörður during this period – this time located in the hills of Ásfjall, right next to a nature reserve.



Initially focusing on the construction of new neighbourhoods and the construction sites' effect on the surrounding landscape, Thomsen was only six months into his project when the Icelandic economy collapsed. The crisis that followed influenced his project tremendously. From one day to the next, everything came to a halt, and a great number of building foundations were left untouched for a long period of time both in Ásland and in all the half-finished suburbs in the Greater Reykjavík Area. The unfinished buildings, we see in Thomsen's photographs, unoccupied and frozen in time, became a symbol of the financial crash that slowed development down and left Icelandic society at a complete standstill – for a time.

When the Ásland neighbourhood was still on the drawing board, it was the possibility of being close to nature, the stunning view of the surrounding mountains and vast opportunities for outdoor activities – that comes with having a nature reserve in your backyard – that was meant to appeal to future residents. Visiting the neighbourhood today, 'close to nature' is perhaps not the first thing that comes to mind, as the residential area has taken over. But perhaps, over time, nature will manage to regain at least some of its territory, when it gets a chance to recover after the expanding town's major encroachment on it.

The First Signs of Urban Sprawl

Nature, development and man's intrusion is also the focus of Stuart Richardson's work. Today an Icelandic citizen, the American photographer has lived in Reykjavík since 2007. In his new video work, produced for this exhibition, Richardson looks back at his photographic series Sodium Sun, in which he examines the ever-present streetlights and their influence on the Icelandic landscape:

"The relentless darkness of Icelandic winter evokes images of snow-covered landscapes lit by the moon and the aurora, yet most Icelanders experience the winter under the constant glow of streetlights. ... They obscure the outline of landscape and all but the brightest stars. Once in their pool of light, it is nearly impossible to see anything outside of it – vast landscapes collapse into claustrophobic islands of illumination.

Yet even as they block out the natural environment, there is stark beauty in the geometric forms – the artificial suns we have created to bring back the light."

As Richardson points out in his introduction to Sodium Sun, streetlights are often the first indicator of urban sprawl in Iceland, appearing in the landscape long before any buildings are ever built. This 'sprawl' is very characteristic for Greater Reykjavík. Spreading out over the land, the city today covers an area that, compared to other cities around the world, should be holding a population of one million people rather than the 228,260 (2018) inhabitants who currently reside here.

When Richardson began working on Sodium Sun in 2011, it was in what he now considers "a different Iceland". The tourism boom had yet to really begin, many of the roads that are today well-trafficked were at the time completely empty and, as Richardson explains, he was struck by how so much infrastructure served so few people. The streetlights were everywhere, but no one seemed to be using them:

“They just stood there shining for the rocks, moss and asphalt. This was quite opposed to my experience in the US, where streetlights are primarily encountered in towns, and they are generally dimmer and fewer in number. By contrast, even New York, the city that famously never sleeps is less well-lit than Hafnarfjörður. There are around 30,000 people in Hafnarfjörður and 9 million in New York City proper.”³

In his new video work, Richardson returns to the locations and streetlights he photographed in Hafnarfjörður years ago, in order to explore to what extent the stillness in the original imagery is still present today – focusing not only on the changes that have taken place in the intervening years, but also on what has been left unchanged.

Still standing alone today, the streetlights, which we see in Richardson’s photographic work 17a, were installed in Hafnarfjörður sometime before the financial crisis in 2008. Looking at them now, more than 10 years later, we are still left wondering, who they are there for.

Like Humans of New York but in Hafnarfjörður and Without Any Humans⁴

In 2008, Staś Zawada moved to Hafnarfjörður from Poland and decided to make it his home. Setting out each day with his newborn son in his stroller, Staś got to know every corner of his adoptive home town by photographing it on their long walks. The result is a substantial series of snapshots that offers a rare but humorous insight into a small town and its inhabitants.

Published as a book in 2015, the series HFJ portrays life as it is lived every day in Iceland’s third largest town, although Zawada’s photographs are in fact completely void of people. From the small authentic houses clad with corrugated iron to anonymous concrete buildings, modern apartment blocks with

their own tiny golf course and alternative housing solutions in the form of garage homes, we see where the people of Hafnarfjörður live, their basketball hoops, their parabolic dish antennas, that are often installed in peculiar places, and the cars they park in front of their houses. Always.

“I don’t know if it is because of the weather or the city planning, but people in Iceland don’t walk much, we know our neighbourhoods only through our car windows.”⁵

Not used to cars being a natural part of the household when growing up in Poland, Staś Zawada developed a keen interest in them. This clearly shows in his project, where bright yellow cars, wheelless cars, covered cars, mountains of throwaway cars and the numerous abandoned cars, Staś kept finding all around Hafnarfjörður, play a big part in describing his new home town, which he is extremely fond of.

The Feel of a Place

The American photographer Pamela Perez likewise chose to settle in Hafnarfjörður with her family, living in the town for more than ten years before returning to New York. Like Zawada, Pamela Perez has a great affection for Hafnarfjörður and her works are also the result of her wanderings in and around her adoptive town. But where Zawada quite literally shows us his town, we hardly even see it in Perez’s works.

In her poetic series Like Home, she examines the way we interact with our natural and urban surroundings. With emphasis on out of the way places, she seeks to capture the beauty in details and moments that tend to go unnoticed in the rush of our daily lives.

Describing her series as “an ode to the town”, Perez also addresses the need for conservation and her work conveys both her personal sense of wonder of all these extraordinary places that still exist in Hafnarfjörður – if we take the time to notice them – and her strong

wish to preserve the town's natural features, the feel or spirit they add to it, making it home.

Considering Pamela Perez' and Staś Zawada's projects, their shared affection for their chosen home town and their very different approaches to portraying it, it is interesting to note that when locals are confronted with Zawada's photographs, the reaction is often: "Why do you show this? You should focus on the nice things!" And then, seeing Perez' work, they ask: "Is this really Hafnarfjörður?"

On a Frozen Lake in Hafnarfjörður

Born in Germany, Daniel Reuter grew up in Luxembourg and currently lives in Reykjavík. His first book, *History of the Visit* (2013), was shortlisted for the Paris Photo–Aperture Foundation First Photobook Award 2013 and later the German Photobook Award 2015.

Reuter began his project *History of the Visit* in the winter of 2012 shortly after relocating to Iceland. Setting out into the Icelandic countryside every day to photograph, he was seeking out quiet and solitude to reflect on his current life situation. The resulting series became much more introspective than he initially anticipated, his decontextualized landscapes not pointing to a concrete, geographical place, but rather expressing an inner, personal territory.

"These photographs deal only tangentially with what they're presenting. There are rocks in the images, trees and some buildings, but it's not a story of rocks, trees and buildings. It is, in fact, not even that clear what the story is, while it is very clear that there is one. ... Reuter's photographs come across directly onto the nervous system. They transport feeling more than they transport information. They transport an atmosphere, a discontent, a confusion. They do their best to resist descriptive approaches to them. The viewer needs to feel them more than to look at them."⁶

Reuter's exhibited work revolves around a photograph he made as a part of *History of the Visit*. Seen among the other works in the exhibition, Reuter's photographs stand in great contrast to Zawada's townscapes, Spessi's and Thomsen's construction sites and Thorlacius' new, man-made landscapes. Here we are, instead, looking at rocks entrenched in the ice of a frozen lake a long time ago, taking in Reuter's compelling black and white works that, in this context, perhaps also call for a different kind of introspection.

Living with a Parallel Community

Today, most Icelanders would not openly admit to believing in elves. Opinion polls, however, reveal that they usually choose to "neither affirm nor deny" their existence. The folklore around elves still affects aspects of modern life in Iceland, not least in Hafnarfjörður, where 'elfin monuments' are indeed still part of the urban landscape.

Growing up in Hafnarfjörður, the UK-based Icelandic documentary photographer Svala Ragnars was always aware of the existence of places that are "forbidden" and "not to be tampered with", because of the elves. Discovering, however, that these places, and all the stories associated with them, had never been concisely documented, Ragnars teamed up with her childhood friend, researcher and writer Bryndís Björgvinsdóttir and together they set out to document locations all around Iceland, "where the belief in elves has changed the face of modern living"⁷, directly influencing how and where we build. As a result, they published the book *Krossgötur – álfatrú, álfabyggðir og bannhelgi á Íslandi* (Crossroads) in 2018.

As Svala Ragnars explains, the aim with *Krossgötur* was always to approach the subject matter in a very documentarian manner, not attempting to convey anything otherworldly or imaginary. Focusing instead on the places and stories themselves,



Svala Ragnars' photographs leave it to the viewer "to imagine what otherworldly beings people might have seen there"⁸. But Krossgötur is not only meant to serve as documentation or visual evidence of the elfin folklore, it is also "a reminder of nature's manifestations in modern society in Iceland":

"Narratives about insurrection of elves demonstrate supernatural sanction against development and even urbanization. They protect and enforce the old pastoral values and traditional rural culture. ... Elves are usually described as beautiful beings, similar to humans but very sustainable in their way of living, a bit like Icelanders from two or three centuries back. This nostalgic idea of a nature-oriented elfin society existing today reflects how we see our own modern lifestyle today and even expresses doubts about how unsustainable we have become. ... This folklore is therefore, never only about elves or the "others", but about humans or "us" and how we choose to live in a community, with and beside nature."⁹

When we, from time to time, do manage to stop the bulldozers from crushing the lava to pieces, it is, at least on the surface, to protect the 'elfin properties' and interests of the hidden people rather than that of the human inhabitants – but maybe this is simply the inhabitants' last resort, their strongest argument when pleading with the authorities to leave a bit of untouched nature in their towns.

Beauty in Unlikely Places

From 2010 to 2018, the Icelandic photographer Marino Thorlacius found himself returning again and again to the outskirts of Hafnarfjörður, where he took photographs along Krísuvíkurvegur and in the Hella district, just where the town merges with the lava field. He was interested in the new landscape

that has been forming unregardedly, as the town and its inhabitants leave an ever larger imprint. Or as Thorlacius puts it: "A human reflection, mirrored in a landscape"¹⁰.

Examining how we inevitably and constantly create these new landscapes all around us, his works ponder whether we are building up something, fixing things or, in fact, tearing down. As Thorlacius states: "It has become impossible for the rational mind to see what is being built, and what is being destroyed, what is needed and what is wanted".

Thorlacius' works are both unsettling and irresistibly beautiful at the same time. Leaning more towards the latter, actually. So do we like our new landscapes? Or have we, in fact, become wilfully blind to the complex nature of them?

Due to his gift for finding beauty in even the most unlikely places, Thorlacius was in 2018 commissioned by KRADS Architects to photograph Hraun-vestur, a large post-industrial district in Hafnarfjörður that is in great need of revitalisation.

Hraun-vestur in many ways resembles Skeifan in Reykjavík – a service area built solely with cars in mind, without sidewalks and hardly even any roads, almost like one gigantic car park and, needless to say, difficult to navigate for a pedestrian. Situated very close to the town centre, in a place where you would not normally expect to find this type of industrial district, it has, over time, become strangely encapsulated by the rest of the town. As Thorlacius' photographs then show, people have long since started to move into the area, securing their little place to call home in the midst of everything else.

Back to the Drawing Board

A new vision for the area is in place, however. In 2016, the town council of Hafnarfjörður asked five architectural studios to come up with a plan for the district. Two were selected and their ideas and guidelines will now form the basis for a new local plan. Once again, an entire neighbourhood in Hafnarfjörður will soon be subject to major changes – this time not on the outskirts, but right in the town centre.

Inspired by a Nordic model, the architects behind this new vision aim to create a neighbourhood for its people rather than their cars – a mixed-use community that offers diverse housing options, commercial space, different public spaces, green spaces and a pedestrian and cycle-friendly environment. This new approach reflects the current tendency in Reykjavík's urban planning, where the focus is now more on urban densification, making the existing neighbourhoods come alive and limiting the spread of the city.

When Martin A. Hansen came to Hafnarfjörður in 1952, this is how he experienced the town:

*"Hafnarfjörður is a brand new town. In many houses, marks can still be seen in the walls from the boards that were used to hold the wet concrete. But the town still has a warm atmosphere and humble characteristics, in and of itself, as if it were an old small town. ... It smelled of salt, redfish and oil from the harbour. The wind would sometimes carry a bittersweet stench from the large racks of dried fish near town. This did not detract from the equally clear memory of lovelier smells coming from the small gardens, lying between cliffs of lava, and the cool fullness of flowering rowan trees. A town like that seems easily accessible to a guest."*¹¹

67 years later, following the development of a town that has constantly been "ahead of itself", eight contemporary artists show us what they saw when they photographed Hafnarfjörður's urban environment between 2006 and 2019 – a town in transition, finding its feet, clearly on its way to somewhere very fast, although maybe not entirely sure of its destination. Perhaps the most important thing is still not what is, but rather what is to come.

Endnotes

- 1 Martin A. Hansen, 1954, Rejse paa Island, Copenhagen, Carit Andersen, p. 181.
- 2 Stuart Richardson, 2014, Sodium Sun, edited and published by the artist, introduction.
- 3 Stuart Richardson, 2019, about the video work Sodium Sun (2019).
- 4 Staś Zawada, see: www.facebook.com/howdoyoulikeHFJ.
- 5 Staś Zawada, see: <http://stan.is/hafnarfjordur.html>.
- 6 Jörg Colberg, Daniel Reuter's History of the Visit, see: cphmag.com/reuters-visit.
- 7 Bryndís Björgvinsdóttir, see: www.svalaragnars.com/new-gallery.
- 8 Svala Ragnars, 2019, project introduction.
- 9 Bryndís Björgvinsdóttir, *ibid*.
- 10 Marino Thorlacius, 2019, project introduction.
- 11 Martin A. Hansen, 1954, Rejse paa Island, Copenhagen, Carit Andersen, pp. 176–177.

Sýningarstjóri *Curator*

Kirsten Simonsen

Þátttakendur *Participants*

Daniel Reuter

Marino Thorlacius

Pamela Perez

Pétur Thomsen

Spessi

Staś Zawada

Stuart Richardson

Svala Ragnars

Umsjón með útgáfu *Overseeing publication*

Hólmar Hólm

Greinarhöfundur *Author*

Kirsten Simonsen

Íslensk þýðing *Icelandic translation*

Helga Soffía Einarsdóttir

Hönnun *Design*

Ármann Agnarsson

Prentun *Printing*

Prentmet

Útgefandi *Publisher*

Hafnarborg

Forstöðumaður *Director*

Ágústa Kristófersdóttir

©Hafnarborg 2019

ISBN 978-9935-9404-2-1

Hafnarborg



Hafnarborg
Menningar- og listamiðstöð
Hafnarfjarðar

Opíð kl. 12–17
Lokað á þriðjudögum
Aðgangur ókeypis

Hafnarborg
*The Hafnarfjörður Centre
of Culture and Fine Art*

*Open 12–5 p.m.
Closed on Tuesdays
Free Entry*

Strandgata 34
220 Hafnarfjörður
Iceland

www.hafnarborg.is
hafnarborg@hafnarfjordur.is
(354) 585 5790

